

## Sigurgeir Jónsson, söngkennari og orgelleikari

Afhending 2011/86

Sigurgeir Jónsson fæddist á Stóruvöllum í Bárðardal árið 1866 og lést á Akureyri 1954. Hann ólst upp á söngelsku heimili og um fermingaraldur var hann farinn að stýra söng, bæði á heimili sínu og víðar í dalnum. Stuttu eftir fermingu var hann einn vetur í lýðskóla Guðmundar Hjaltasonar í Laufási. Veturinn 1891-1892 dvaldist hann í Reykjavík og nam píanó- og orgelleik hjá Önnu Petersen.

Árið 1895 giftist Sigurgeir Friðriku Tómasdóttur. Þau bjuggu á Stóruvöllum á nokkrum hluta jarðarinnar og auk þess að stunda búskap sinnti Sigurgeir tónlistinni af miklu kappi, söng, lék á hljóðfæri, æfði kórsöng og kenndi á hljóðfæri.

Árið 1904 brugðu þau hjónin búi og fluttust búferlum til Akureyrar. Samhliða tónlistarkennslu vann Sigurgeir við múrið og þótti hann ágætur starfsmaður í þeirri grein. Sigurgeir stillti einnig hljóðfæri og var lengi vel eini píanóstillirinn á Akureyri.

Frá 1911 – 1940 var Sigurgeir organisti Akureyrarkirkju. Hann kenndi líka söng í Barnaskólanum og í Gagnfræðaskólanum um nokkurt skeið og æfði blandaðan kór. Hann tók þátt í stofnun hljómsveitar að nafni Hljómsveit Akureyrar þar sem hann spilaði á fiðlu.

Hann var bindindismaður og starfandi meðlimur innan Góðtemplarareglunnar um áratuga skeið og í Guðspekistúkunni allt frá stofnun hennar. Þegar ellin fór að færast yfir og Sigurgeir var orðinn of hrörlegur til að sinna tónlistinni dundaði hann sér við að binda inn nótnabækur.

Afhendingin kom frá Minjasafninu á Akureyri. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 715, 2005/18 og 2009/30.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
28. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
<b>Sigurgeir Jónsson (1866-1954), söngkennari</b>			<b>2011 / 86</b>	
<b>A-Sigurgeir Jónsson</b>				
<b>A-Sigurgeir Jónsson</b>				
<b>1954 - 1954</b>				
2011 -	A / 1	1	1954- 1954	Sálmaskrár, Sigurgeir Jónsson
2011 -	A / 1	1	-	Nótur af laginu Þrá eftir Sigurgeir Jónsson útsetning eftir Jóhann Ó. Haraldsson